

216  
25. nóv.

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar, nr. 189 29. nóv. 1940.

Liðirnir B 2 og 3 í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

- Um einn kilóvattstundamæli fyrir alla notkun á heimilinu á 60 aura hverja kwst. fyrstu 2,5 kwst. á ári á hvern m<sup>2</sup> gólfplatar íbúðarherbergja, en á 10 aura hverja kwst. fyrir notkun umfram það.

Rafveitustjórn er heimilt að takmarka ákvæði gjaldliðs þessa þannig, að gólfplötur heimilis reiknist eigi yfir 20 m<sup>2</sup> á hvern mann á heimilinu. Þó skal til þess koma leyfi rafveitustjórnar í hvert sinn. Við útreikning gólfplatara skal tekið tillit til, ef um súðarherbergi eða því líkt er að ræða. Til íbúðarherbergja teljast eldhús, en eigi gangar, baðherbergi eða geymslur.

- Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 10 aura hver kwst. Auk þess greiðist fastagjald kr. 1.20 á ári af hverjum fermetra gólfplatara og innheimtist það mánaðarlega með jöfnum upphæðum.

Um ákvörðun gólfplatara gilda sömu ákvæði sem í B 2.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 25. nóvember 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

247

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld sjóðsins Stígur árið 1949.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1949, Bl. bls. 492) .....	kr. 4489.76
2. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	— 221.62

Kr. 4711.38

Gjöld:

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs .....	kr. 4711.38
--	-------------

Kr. 4711.38

*Í félagsmálaráðuneytinu, 15. apríl 1950.*

**Jónas Guðmundsson.**